

**Fundargerð 104. fundar félagsstjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,  
haldinn á ZOOM – netfundi þriðjudaginn 1. desember 2020, kl. 15.00**

**Mættir til fundar:**

Sandra B. Franks, formaður SLFÍ mætt  
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður mætt  
Jóhanna Traustadóttir, ritari, Reykjavíkureild mætt  
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri zoom- netfundi  
Áslaug Steinunn Kjartansdóttir, Vestmannaeyjadeild zoom- netfundi  
Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir, Norðurlandsdeild eystri zoom- netfundi  
Helga Sveinsdóttir, Austfjarðadeild zoom- netfundi  
Helga S. Sveinsdóttir, Suðurlandsdeild zoom- netfundi  
Inga Lilja Sigmarsdóttir, Vesturlandsdeild zoom- netfundi  
Jóhanna G. Þórðardóttir, Vestfjarðadeild zoom- netfundi  
Viktoría Magnúsdóttir, Suðurnesjadeild, formaður zoom- netfundi  
Ólöf Jóna Friðriksdóttir varamaður í framkvæmdastjórn zoom- netfundi  
Matthildur Ólöf Guðmundsdóttir, Suðurnesjadeild zoom- netfundi  
Þórhildur Una Stefánsdóttir, formaður Reykjavíkureildar zoom- netfundi

*Fjarverandi*

Jakobína Rut Daníelsdóttir, varamaður í framkvæmdastjórn  
Guðrún Elín Björnsdóttir Norðurlandsdeild vestri zoom- netfundi

**Fundarritun:**

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ og  
Jóhanna Traustadóttir ritari SLFÍ

**Dagskrá**

**Fundur settur**

**1. Til umræðu / kynningar**

- a. Raunfærnimat á sjúkraliðabraut
- b. Heilbrigðisþing 2020 - átaksverkefni til að fjölga sjúkraliðum
- c. Aðalfundur svæðisdeilda
- d. EPN dagurinn

**2. Til afgreiðslu**

- a. Ekkert mál til afgreiðslu

**3. Til upplýsinga**

- A. 30. fulltrúaþing SLFÍ á komandi vori
- B. Könnun um orlofsmál og tímaritið Sjúkraliðann
- C. Trúnaðarmannaráðsfundur í febrúar/mars
- C. Diplómanámið - framvinda

## Önnur mál

### Fundargerð.

#### 1. Fundur settur

Sandra B. Franks (SBF) formaður Sjúkraliðafélags Íslands bauð fundarmenn velkomna á þennan mánaðalega zoom – fund, en áfram verður haldið með þessa fundi á meðan COVID – 19 ástandið er.

#### 2. Fundargerð síðasta fundar

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að síðasta fundargerð væri samþykkt og komin á netið.

#### 3. Til umræðu/kynningar

- Raunfærnimat á sjúkraliðabraut
- SBF fór yfir aðdragandann að væntanlegu raunfærnimati ófaglærða til styttingar á námi til sjúkraliða og gerði grein fyrir hvernig það verði framkvæmt. Rennt var yfir ákveðin gögn varðandi matið og námið.
  - Heilbrigðisþing 2020
- SBF fór yfir framgang Heilbrigðisþings og það jákvæða sem gerdist þar. Sjúkraliðar voru inni í umræðunni og skorturinn á þeim og rétt var um mikilvægi þess að fjölga sjúkraliðum. GÖG fór einnig yfir hve öflugt þingið var og gaman að upplifa þá jákvæðu umræðu sem fór fram um sjúkraliða, þarna hefi komið fram ný nálgun bæði hvað varðar innihald og inntak í málefnum sjúkraliða. SBF sagði frá því að afraksturinn af þessu þingi m.a. væri að sett yrði á stofn Landsráð þar sem allt fræðasamfélagið, heilbrigðisstofnanir og tengdar stofnanir myndu koma að ráðinu til að meta mönnun og menntun heilbrigðisstétta og vera til ráðgjafar fyrir stjórnvöld um heilbrigðismál/kerfið.
- SBF fór yfir stöðu aðalfunda deilda. Fram kom að Austurlandsdeildin er búin að halda aðalfund. Helga Sveinsdóttir formaður Austurlandsdeildar gerði grein fyrir að aðalfundur Austurlandsdeildar hafi verið á zoomi og gekk vel fyrir sig og var ágætis mæting. Fundurinn var boðaður á síðu svæðisdeildarinnar og tekin var æfing á teams sem gekk ekki vel. Engin önnur deild hefur farið af stað. Rétt um að klára aðalfundina hjá hinum deildunum fyrir 1. mars 2021 í síðasta lagi. Mögulegt verður að nota zoom-aðgang félagsins og bjóða upp á stuðning.
  - Undir þessum lið var rétt um hvernig ætti að leysa kosningar á trúnaðarmönnum? Málið rétt og ákveðið að kynna þá sem eru í framboði til trúnaðarmannastarfa á facebooksíðum eða viðlíka möguleikum og kjósa síðan skriflega og með kjörkassa, en gæta að öllum sóttvörnum.
  - Einnig kom fram að forysta félagsins geti skipað trúnaðarmenn.
- EPN dagurinn gekk vel fyrir sig víðast um land. Dagurinn var í umfjöllun í fjölmiðlum og viðtöl voru við SBF og Sigurð Guðmann á vef LSH. Formaður Suðurlandsdeildar skrifaði góða grein um störf sjúkraliða og birtist hún í Dagskránni sem fer um allt Suðurland. Sjúkraliðar á Suðurlandi fengu góðar kveðjur frá

stjórnendum stofnanna. Vestmannaeyjadeild styrkti kirkjustarf Landakirkju Vestmannaeyjum sem síðan styrkir efnaminni fjölskyldur og sjúkraliðar í Eyjum fengu góðar kveðjur frá stjórnendum stofnana og sveitarfélagsins. Forstjóri HSS sendi kveðju á sjúkraliða stofnunarinnar. HSA forstjórinn sendi góðar kveðjur til sjúkraliða. Sjúkraliðar á Vestfjörðum fengu góðar kveðjur frá forstjóra HVEST, en hátíðarhöld geymd til betri tíma. Vesturlandsdeildin sendi góðar kveðjur á sína félagaga og fengu góðar kveðjur frá forstjóra HVE og dreifðu varningi frá félaginu. Lítið var í gangi hjá deild sjúkraliða á höfuðborgarsvæðinu vegna ástandsins á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

#### 4. Til umræðu og upplýsingar

- Fulltrúafing SLFÍ 2021
- SBF fór yfir verkefni væntanlegs þings þ.s. m.a. þarf að breyta reglum deilda og sjóða. Rætt var um framkvæmd þingsins, en allir sammála um að stefna að hefðbundnu þinghaldi samkvæmt lögum félagsins, en taka stöðuna þegar nær dregur.
  - Könnun meðal félagsmanna á orlofsmálum og blaði félagsins
- GÖG fór yfir kannanirnar sem gerðar voru varðandi orlofsmál og blaðið. Niðurstöðurnar eru mjög jákvæðar, bæði varðandi orlofsmálin og blaðið og verða birtar í desemberblaði félagsins.
- Rætt var um hvort ástæða sé til að halda trúnaðarmannráðsfund í febrúar/mars. Allir sammála um að það sé nauðsynlegt til að fara yfir styttingu vinnuvikunnar.
- SBF fór yfir að diplómanámið er komið í gegn og námsbrautarlýsing liggur fyrir

#### Önnur mál

- Rætt var um gang mála varðandi styttingu vinnuvikunnar og það misræmi sem er á mörgum vinnustöðum milli þess sem stjórnendur halda fram og því sem kemur fram hjá fulltrúum BSRB/SLFÍ. Málið rætt og fram kom að því miður eru einhverjir stjórnendur illa upplýstir, en mikil vinna er í gangi hjá verkefnahópi og innleiðingarhópi til að upplýsa alla sem best.
- Rætt var um fulltrúafing SLFÍ 2021. Fram kom að stefnt er að því að halda þingið næsta vor, í þeirri trú að ástandi verði betra.

*Fundi slitið kl. 16.50*